

1864.
6. apríl.

skilja opið bréf 29. maímán. 1839 um byggingarnefnd í Reykjavík á þann hátt, að fá skuli samþykki byggingarnefndarinnar og amtsins áður en nokkurt hús sè byggt innan takmarkanna á lögsagnarum dæmi bæjarins.

Um þetta efni skal yður hærmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þér kunngjörið það, að eptir því, sem ákveðið er í 4. grein í lagaboði því, sem að ofan er getið, smbr. 3. gr. stafl. D., álitur dómsmálastjórnin að kveða eigi já við spurning þeirri, sem hér er um rætt.

9. apríl.

28. Bréf dómsmálastjórnarinnar til Gunnlaugs Tryggva Gunnarssonar, um styrk til að kynna sèr landbúnað í Noregi.

Eptir beiðni yðar í bréfi dagsettu 3. febrúarm. þ. á. hefir dómsmálastjórnin veitt yður 400 ríkisdala styrk til að ferðast til Noregs og dveljast þar 3 eður 4 mánuði til þess að kynna yður betur norskan landbúnað, einkum að því leyti, er hann gæti verið fyrirmynd fyrir umbótum á landbúnaðinum á Íslandi.

Þetta er yður hærmeð kunngjört, og skal því við bætt, að hlutast hefir verið til um, að fè þetta verði greitt yður úr aðal-féhirzlu ríkisins.

13. apríl.

29. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um fjölgun á ölmusum við hinn lærða skóla.

Samkvæmt því, er alþingi það, er haldið var árið 1861, stakk uppá og nefnd sú féllst á, er síðar var skipuð í Reykjavík til að íhuga uppástungur þingsins um umbætur á hinum lærða skóla á Íslandi, hlutaðist stjórnarráðið til um, að í frumvarpinu til fjárlaganna fyrir fjárhagsárið 1864—65 var gjörð uppástunga um, að ölmusunum við Reykjavíkur lærða skóla, sem nú eru 24 að tölu, hver 100 rdl. að upphæð, verði fjölgað svo, að þær verði 40, og hefir ríkisþingið veitt fè það, alls 4000 rd., er stungið var upp á að veitt yrði til þessa, eins og betur